

Haustið 2010 var farið af stað með verkefni í leikskólanum Grænuvöllum sem gekk út á að nemendur myndu vera meira úti í náttúrunni. Ákveðið var að elsti árgangur leikskólans tæki þátt og má segja að verkefnið hafi verið lagt í hendur starfsfólks á Hóli. Það sem hafði áhrif á ákvarðanatöku um verkefnið var að lóð leikskólans er heldur lítil fyrir barnahópin sem þar er og einnig áhugi fyrir að auka vettvangsferðir nemenda í náttúrunni. Ekki spillti fyrir að niðurstöður rannsókna sýna að útikennsla hafur jákvæð áhrif á þroska barna. Börn sem leika sér í náttúru koma betur út varðandi ýmsa þætti samanborið við þau börn sem leika á manngerðum leikvöllum.

Garðyrkjustjóri sveitafélagsins hefur einnig áhuga á verkefninu og hefur hann tekið mikinn þátt í því með því að afla eldiviðar, koma víkingapönnu fyrir við eldstæðið á skógardögum og ferja vistir upp í skóg. Hann aðstoðaði einnig við að ákveða hvar ætti að grafa holur sem útsalerni og hvernig ætti að umgangast þær.

Árinu áður hafði eldstæði verið útbúið í skógræktinni fyrir ofan Skálabrekku, í Garðarslundi á vegum bæjarins. Ákveðið var að þar yrði heimasvæði útikennslunnar.

Framkvæmd:

Í fyrstu var farið í skóginn einu sinni í viku með allan hópinn, 27 börn. Eftir tvö skipti var ákveðið að skipta börnunum niður í tvo hópa þar sem starfsfólki þótti þau vera of mörg saman í einum hópi. Ákveðið var að skiptingin yrði eftir kyni. Stelpurnar, 14 talsins fara á miðvikudögum og strákararnir, 13 talsins á fimmtudögum. Tveir kennarar fara með hverjum hópi og eru það kennarar á Hóli sem skipta því með sér.

Fyrstu skiptin báru kennarar allar vistir, mat, vatn og annan útbúnað. Keyptir voru tveir 25 lítra bakpokar og einn 50 lítra poki. Bakpokarnir þrír voru allir í notkun í hvert skipti. Garðyrkjustjóri kemur þó við í leikskólanum og tekur 50 lítra pokann og keyrir hann upp að eldstæðinu en kennarar ganga með aðrar vistir upp í fjall í hinum pokunum. Í fyrstu báru kennarar allt vatn uppeftir en síðan var ákveðið í samráði við foreldra að hvert barn myndi bera sinn brúsa í lítilli tösku. Í fyrstu voru brúsarnir það sem skiptu börnin mestu máli í ferðunum í skóginn. Það þurfti að stoppa á leiðinni til að fá sér vatn að drekka og börnin fundu sig ekki eins vel í leik þar sem mikið þurfti að bauka með brúsana. En eins og annað þá urðu brúsarnir að venjubundnum búnaði og börnin náðu aftur að finna sig í leik.

Þegar komið er í skóginn er byrjað á því að allir hittast við heimasvæði og ganga frá sínum bakpokum, hengja þá upp í tré. Síðan mega börnin fara í leik en það eru ákveðnar grunnreglur sem allir verða að fara eftir. Þegar kennarar flauta eiga allir að koma að eldstæðinu á fund eða til að borða. Börnin mega leika sér frjálts um allan skóginn, fyrir neðan hann og ofan. Þegar það er frost er bannað að taka af sér vettlingana þótt hendurnar séu vel heitar þar sem við rákum okkur á að erfitt var að ná hita í frostbitna fingur og komu þá aukavettlingar að litlu gagni. Í byrjun skógaferða var farið yfir hvar mátti leika og hvar ekki. Börnin hafa undantekningalaust virt þessi ósýnilegu mörk enda hafa þau stórt svæði til að leika sér á.



Þegar börnin eru komin í leik kveikja kennarar upp og koma matnum yfir eldinn. Eldurinn spilaði stærsta hlutverkið fyrstu skiptin í skóginum. Þá þótti mjög spennandi að fá að henda í hann og pota í hann með prikum. Börnin vildu vera viðstödd þegar verið var að kveikja upp og þegar verið var að slökkva eldinn. Ákveðið var að börnin fengju ekki að taka þátt í þessari athöfn fyrr en að þau væru hætt að láta eldinn „trufla“ sig. Nú er svo komið að börnin fá að umgangast eldinn, aðstoða við að kveikja upp og bæta á þegar þurfa þykir. Það er því kominn tími á að skipa aðstoðarkokk í hverri ferð sem aðstoðar við uppkveikju, eldamennsku og að slökkva eldinn þannig að börnin fá að læra að umgangast eldstæðið.

Yfir sumartímann er farið í skóginn upp úr kl 9.00 og dvalið í skóginum í um 5 tíma. Í vetur höfum við verið að fara um kl 10 og koma heim á milli 12 og 13. Það eru því allt uppí 3 tímar sem hvor hópur dvelur vikulega í skóginum yfir vetrartímann.

Í skóginum hafa börnin nánast aðeins leikið með þann efnivið sem skógurinn býður uppá. Við höfum þó verið með poka til að safna könglum í og ýmsu fleiru. Við höfum einnig tekið með okkur kol úr eldstæðinu og teiknað með þeim þegar heim var komið. Börnin hafa yfirfært leikinn í skóginum á leikskólalóðina, útbúið eldstæði og klifrað oft og hærra í trjámum á leikskólalóðinni.

Leikur barnanna í skóginum hefur komið á óvart. Strákarnir eru fljótir til að hlaupa í skóginn í leik. Leikur þeirra einkennist af ævintýra- og veiðimennsku. Þeir eru mikið að klifra og stökkva og reyna á krafta og þol. Ekki hefur verið mikið um árekstra sem þeir hafi ekki geta leyst sjálfir. Strákarnir hafa farið um allan skóginn og kannað vel svæðið fyrir ofan og neðan hann. Þeir eru fljótir til að hlíða kallinu (flautinu) og koma að heimasvæðinu. Stelpurnar hafa þurft meiri hvatningu til að fara í leik. Þær hafa meira viljað sitja við eldstæðið og spjalla. Þær eru líka meira í því að klaga hver aðra. Það var því ákveðið að kennarar myndu gera kröfu á þær um að fara í leik. Þetta á reyndar ekki við um allar þær sem nokkrar hverfa inn í skóginn

Sú ákvörðun hefur verið tekin að kynjaskipta hópnum þar sem við prófuðum að fara með blandaðan 14 barna hóp. Börnin kepptust við að sýna hvert öðru það sem þau höfðu uppgötvað og blönduðust mjög vel í leik og ekki þurfti að hvetja stelpurnar af stað.

Búnaðurinn:

Í bakpokunum er grunn útbúnaður fyrir fyrstu hjálp. Viðbragðsáætlun hefur verið samin:

Viðbragðsáætlun fyrir útikennslu

Allir starfsmenn sem fara í útikennslu eiga að vera meðvitaðir um þessa viðbragðsáætlun!

1. Í merktum poka er teppi og sjúkrataska með sjúkragögnum fyrir lítils háttar áverka ss skrámur og þess háttar:
 - Plástur.
 - Skæri.
 - Þrýstiumbúðir.
 - Burnfree gel og sprej við bruna.
 - Sárabindi til að styðja við aðrar umbúðir ss þrýstiumbúðir.
 - Sótthreinsi klútar fyrir sár.
 - Heftiplástur.
 - Flísatöng.
 - Stækkunargler.
 - Saltvatn í ampúlum til að skola augu og sár.
 - Álpoki.
 - Einnota hansakar.

2. **Fyrir stærri áverka skal bregðast við á eftir farandi hátt:**
 - Hlúa að viðkomandi og fyrirbyggja ofkælingu.
 - Hringja í **112** og fá leiðsögn í gegnum síma.
 - Hringja í foreldra og láta vita. Símanúmer foreldra eru í sjúkratösku.
 - Hringja í leikskóla og láta vita.

(ath þessi útbúnaður er ekki tilbúinn í töskuna ennþá.

Í bakkokanum er einnig sóttthreynsandi áburður, klósettpappír, lítil skófla, rúlla með pokum og ýmislegt fleira.

Matseld:

Fyrstu mánuðina var farið með tilbúinn mat upp að eldstæðinu. Það voru afgangar úr eldhúsi ss buff og fl. Í febrúar 2011 var hins vegar byrjað að elda matinn frá grunni. Á sama tíma var tekin í notkun ný panna (Muurika) sem gerir okkur kleift að elda fljótandi mat. Með því móti þurfum við ekki að bera eins miklar vistir upp og teljum við hollustugildi matarins margfaldast. Framundan eru spennandi tímar með tilraunum í eldamennsku. Í febrúar var byrjað að skipa aðstoðarkokka og er það að gefast mjög vel. Börnin aðstoða við uppkveikju, aðstoða við að halda bálinu lifandi og að elda og skammta mat.

**Hreinlæti:**

Í skóginum er svæði með holu sem er ætluð sem salerni. Lögð er rík áhersla á að börnin fari á klósett fyrir skógarferðir en þó eru alltaf einstaklingar sem þurfa að kasta af sér vatni í skóginum en það mega þau gera á ýmsum stöðum þar sem ekki er verið að leika. Stærri aðgerðir fara hins vegar í þar til gerða holu sem svo er mokað ofan í eftir hvert skipti þar til hún er full og þá útbúin ný hola sem fyllist smátt og smátt. Síðasta sumar notuðum við holuna nánast í hverri ferð en það er eins og börnin séu búin að aðlagast og höfum við ekki þurft að nota hana í vetur.

Við erum með sóttþreinsandi spritt í töskunni sem við notum í stað handþvottar.

Leikurinn:



Leikurinn hefur þróast mikið frá byrjun skógarferða. Í fyrstu skiptin voru margir sem ekki þorðu að fara úr sjónmáli kennara. Margir voru hræddir við myrkrið inni í skóginu (þó var sumar) og við úlfa og önnur dýr sem þau töldu að gætu leynst víða. Eldurinn truflaði þau einnig mikið þar sem hann þótti mjög spennandi. Eftir hverja ferð efldust börnin í skoðunarferðum sínum. Þau fóru að gefa náttúrunni meiri gaum. Farið var í berjaleit, könglar tíndir og notaðir til að flokka og raða og versla með. Smádýr voru veidd og fylgst var með þeim. Hunangsflugur hlutu konunglega útför og um haustið vorum við farin að skoða plöntuheiti og fleira. Í vetur hafa börnin aðalega verið að renna sér í fjallinu og finna leynistaði. Þegar mesta myrkrið var yfir okkur fóru börnin stutt frá eldstæðinu en um leið og fór að birta lengdust könnunarferðir þeirra og eru þau nú farin að fara talsvert hátt upp í fjall fyrir ofan eldstæðið. Þau eru að endur uppgötva gömlu staðina síðan síðasta sumar. Með vorinu er ætlunin að leggja meiri áherslu á skoðun plantna og dýra, gera tilraunir og þess háttar þó að frjáls leikur verði í hávegum hafður.



Hreyfiproski:

Til að byrja með þótti mörgum börnum erfitt að fara í skóginn. Við heyrðum raddir um að það væri langt að fara og erfitt að ganga upp brekkurnar. Börnin voru mjög þreytt á heimleiðinni.

Nú í febrúar er komið allt annað hljóð í skrokkinn. Það sem hafði tekið börnin 20-30 mínútur að ganga, tekur nú um 15 mínútur. Þau vilja (og fá) hlaupa sem mest á undan upp í skóginn og líka heim. Það eru aðeins fáir sem þurfa að hvíla sig oft en einu sinni á leiðinni upp í skóginn. Þau fara hærra í fjallið og skoða mun stærra svæði í skóginum og fjallinu en þau gerðu fyrst.

Það er spennandi að fylgjast með hvort íþróttakennarar í grunnskólanum muni finna mun á hreyfifærni og þoli þessara sömu barna.

Klæðnaður:

Það þarf að yfirfara klæðnað barnanna vel áður en farið er í skóginn. Til að byrja með þurftu kennarar að tína til auka peysur, vettlinga og sokka og minna á hitt og þetta. Nú eru undantekningar á að það þurfi að bæta fötum á börnin. Þau eru farin að kunna að klæða sig eftir veðri og taka sjálf til auka vettlinga í vasann. Það er aðeins eitt barn sem ekki er mikið fyrir skóginn og er oft í frí á skógardögum. Sama barn er ekki farið að klæða sig eftir veðri. Við sjáum líka mun á börnunum þegar þau fara út á skólalóðina. Þau klæða sig oftast í viðeigandi fatnað og lítið eða sjaldan þarf að bæta á. Veran í skóginum hefur kennt okkur að ullin er best! Börn sem eiga og nota lopapeysur, vettlinga og sokka verður mun síður kalt en þau sem eru í flísefni. Kennarar hafa einnig fundið það á eigin kroppi. Mælumst við þess vegna til þess við foreldra að ullarfötin séu helst brúkuð ef þau eru til og ef börnin þola hana.